

Breyttir tímar í 30 ár - fyrri hluti

Í ár eru liðin heil 30 ár frá því eitt af meistaraverkum íslenskrar tónlistarsögu kom út. Við erum að sjálfsgöðu að tala um plötu Egósins – Breyttir tímar. Í þessum pistli sem er fyrri hluti tveggja þar sem við beinum kastljósinu að þessari plötu er ætlunin að rekja sögu Bubba og sveitarinnar fram að útkom hennar. Í seinni hlutanum verður svo farið yfir efni plötunnar. Við sleppum þó að minnast á ýmsa minniháttar tónleika sem litlu skipta fyrir söguna sem slíka

En skoðum nú söguna.

15. ágúst 1981

Utangarðsmenn efna til tónleika ásamt Baraflokknum frá Akureyri í Háskólabíóí. Miðaverð var 69 krónur. Þessir tónleikar reyndu svanasöngur sveitarinnar. Umboðsmaður sveitarinnar þá var Hallvarður E. Þórsson en hann hafði tekið sveitina að sér eftir að Skandinavíutúrnum lauk.

28. ágúst 1981

Bubbi staðfestir við blaðamann DV að hann sé hættur með Utangarðsmönnum. Hann lætur þess jafnfram getið að hann hyggist nýja sveit sem hafi bárujárnsrokk á dagskránni.

Um líkt leiti heimsækir hann Begga bróður sinn og Þorleif æskufélaga sinn sem þá voru saman við æfingar í kjallaraíbúð í vesturlandi. Þeir ákveða að stofna saman sveit og fá til liðs við sig trommarann Jóa Modorhead auk gítarleikarans Ragnar Sigurðsson sem vartillaður sem session maður með sveitinni.

3. september 1981

DV upplýsir að líklega hafi Bubbi verið rekinn úr Utangarðsmönnum. og vill með því leiðrétta frásögn Bubba af því hvernir endalok samstarfsins komu til.

26 september 1981

Þjóðviljinn upplýsir að Bubbi sé kominn með nýja sveit Egó. Þetta sé fimm manna band sem spili rokktonlist með róttækum textu. ætlunin sé að hún komi fram opinberlega eftir um það bil mánuð.

10. október 1981

Lokahóf KSÍ fer fram á Hótel Borg og Þar kom Egóíð fram í fyrsta sinn opinberlega.

2. nóvember 1981

Fyrsti túr Egósins um landið Dagskráin var svo hljóðandi

2. nóvember 1981 Valaskjálfr, Egilsstöðum
3. nóvember 1981 Alþýðuskólinn að Eiðum
4. nóvember 1981 Egilsbúð, Neskaupstað
5. nóvember 1981 Félagslundur, Reyðarfirði
6. nóvember 1981 Herðubreið, Seyðisfirði
8. nóvember 1981 Sindrabær, Hornafirði
9. nóvember 1981 Skógaskóli, Rángárvallasýslu
12. nóvember 1981 Hótel Akranes, Akranesi
15. nóvember 1981 Sjálfstæðishúsið, Akureyri
17. nóvember 1981 Hótel Húsavík, Húsavík
18. nóvember 1981 Hérðasskólinn að Laugum
19. Nóvember 1981 Nýja bíó, Akureyri (ásamt BARA-Flokknum)
20. nóvember 1981 Hótel Höfn, Siglufirði
21. nóvember 1981 Reykjaskóli, Hrútafirði
25. nóvember 1981 Tónabær, Reykjavík
26. nóvember 1981 Hótel Borg, Reykjavík
28. nóvember 1981 Háskólabíó, Reykjaví (ásamt norsku rokksvéitinni CUT)

Meðlimir í þessari fer vöru: Bubbi Morthens: söngur, Bergþór Morthens Gítar, Þorleifur Guðjónsson: Bassi, Jói Modorhead: trommur, Ragnar Sigurðsson (sessionmaður) Gítar, og loks Örn Nielsen Hljóðmaður.

Fljótlega eftir að sveitin kom heim til Reykjavíkur hvarf Ragnar á braut og hélt erlendis til náms. Sömmuleiðis tók Bjarnir Friðriksson við sem hljóðmaður sveitarinnar af Erni Nielsen.

23 janúar 1982

Dagblaðið Vísir – DV byrtir viðtal við Egóíð þar sem Bubbi segir m.a.

„Við eru að æfa af fullum krafti undir plötuupptöku. Við förum í stúdíó í febrúarbyrjun. Við tókum upp 14 lög og gefum út á tveimur plötum. Að stofni til verður þetta ein 10 laga plata en síðan er ætlum við að gefa eina fjögurra laga plötu með í kaupbæti. finnst mér alveg synd að geta ekki tekið upp fleiri lög að sinni. Við eigum 20-25 lög sem ég hefði viljað koma í plast en það verður velja og hafna. Sannast sagna erum við í stökustu vandræðum þessa daganna.“

29 janúar 1982

Helgarpósturinn byrtir viðtal við Egóíð. Bubba var þar tírætt um tilfinningalega kúgun karlmanna og sagði m.a.

„Ég er farinn að hrífast af dökku hliðunum. Þær eru líka fleiri. Myrkrið dregur mig til sín. Það er fullt af skemmtilegum hlutum myrkrinu þegar þú ferð að þæla í því. Það lyggur við að sannleikurinn sé í klóakinu, í ræsinu. Toppurinn á samfélaginu er miklu s en ræstið. Í felum á bak við sléttan og felldan hvítan hjúp.“

Og Bubbi gefur blaðamanni Stuðarnas sýnishorn í ljóðaformi:

Ótti

Ég hræðist myrkrið í vatninu

Ég óttast skuggana af trjánnum

Ég óttast bleytuna af kynfærum mínum

Ég óttast að ná honum ekki upp

Ég óttast allt sem þú óttast

Þær krossfestu eistun á mér

Þær krossfestu karlmennskutákn mitt

Þær krossfestu mig sem kynveru

Á nóttinni þegar ég er búinn að elska grætur limur minn

Grætur þess að vera ekki lengur miðpunktur leiksins

Óttinn tekur við honum

Ég óttast þess eins að vera karlmaður

og þurfa að óttast.

30. janúar 1982

Maggi Stefánsson, fyrrum meðlim Utangarðsmanna og síðar Bodies gengur til liðs við Egóíð að áeggja Bubba í stað Jóa „Motorhead“; En pressan hafði þá sagt frá því að til hafi staðið að Maggi færi að spila með Brimkló. Maggi hvorki neitaði staðfesti þær sögusagnir.

4. febrúar 1982

Samkvæmt frétt Morgunblaðsins hélt Egóíð í Hljóðrita fimmtudaginn 4. febrúar og hóf þar einhverjar upptökur. Magnús trommari var þá með í för, enda nýgenginn til liðs við sveitina.

6. febrúar 1982

Var slegið upp tónleikum á Lækjartorgi fyrir tilstilli aðstandenda myndarinnar Rökk í Reykjavík. Tónleikarnir voru kvikmyndaðir af Friðriki Þór Friðrikssyni, framleiðanda myndarinnar. En þetta voru síðustu upptökur fyrir myndina Rökk í Reykjavík. Hluti tónleikarinn var síðar nýttur í kvikmyndina. Þess má geta að hér trommaði Maggi í fyrsta skipti opinberlega með sveitinni.

10. febrúar 1982

Gengu meðlimir Egosins inn um dyr Hljóðrita ásamt Tómasi Tómassyni

Egóíð tók upp grunna 5 laga þennan dag. Meðal þeirra var Stórir strákar fá raflost, lagið var sungið inn á íslensku og síðar á

ensku undir heitinu Big boys en þetta lag var annað tveggja sem sveitin hljóðritaði á báðum tungumálunum. Auk þess voru tekin upp lögín Vægan fékk hann dóm, Minnismerki og Tungan.

12. febrúar 1982

Sieg Heil tekið upp auk fleirri laga

14. febrúar 1982

Kláraði Egóíð að taka upp grunna fyrir sína fyrstu hljóðversplötu. Talsverð vinna var eftir innan veggja hljóðversins við hljóðblönd

1. apríl 1982

Breyttir tímar kemur út.

16 apríl 1982

Breyttir tímar fer í 2 sæti lista yfir best seldu plötur landsins. Platan sat samtals 18 vikur á topp 10 og af þeim í tvær vikur í 1. sætinu. Lagið Móðir komst inn á vinsældalista DV sem unnin var af unglíngum í Þróttheimum og sat í 16 vikur á topp 10 þess list. Auk þess var lagið einnig á lista krakkana á Akureyri en þar var um tíma haldið úti samskonar vinsældalista.

15 maí 1982

Egóíð með tónleika í Hafnarbíói í Hafnarfirði og ásamt þeim kom fram Grænlenski vísnaðsöngvarinn Peter O Petersen

29 maí 1982

Segir morgunblaðið frá hræringum í hljómsveitarbransanum og hugsanlega fari hljómbóðrsléikari Einar Pálsson sem verið hafði í Spílafíflunum yfir í Egóíð, en sú sveit var þá að leysast upp.

1. júní 1982

Egóíð heldur í sinn annan landsbyggðartúr Dagskrá sem blöðin fengu leit svo út.

1. júní 1982 Sindrabær, Höfn í Hornafirði

2. júní 1982 Félagslundur Reyðarfjörður*

3. júní 1982 Herðubreyð, Seyðisfjörður

4. júní 1982 Egilsbúð, Norfjörður (kl; 16:00)

4. júní 1982 Valarskjálf (dansleikur)

8. júní 1982 Hótel Húsavík

9. júní 1982 Dynheimar, Akureyri

10. júní 1982 Jótel Höfn, Siglufirði

Eitthvað hafði dagskráin skolast til því samkv. MBL 10. júní var fréttir frá Reyðarfirði dagsettar 8. júní og þar kom fram að Egóíð hafði spilað þar kvöldið áður það er 7. júní.

6. ágúst 1982

Egóíð kemur fram á opnunarkvöldi skemmtistaðarsins Villti Tryllti Villi og lokalag þeirra var lagið Reykjavík brennur en það lag ekki út fyrir en á þriðju og síðustu plötu sveitarinnar 1984 Frá þessu er sagt í MBL 7. ágúst.

11. og 12. júní 1982

Egóíð hitar upp fyrir bresku poppsveitina Human League í Laugardalshöll. Báðar sveitirnar fengu góða umfjöllun dagblaðanna fyrir frammistöðu sína.

20. júlí 1982

var efnt var til rokkhátíðar með helstu nýbylgjusveitum landsins. Hátíðin fór fram á nokkrum stöðum og byrjuðu með tónleikum í Austurbæjarbíói þar sem Ego og Grýlurnar komu fram. Kvöldið eftir léku sömu sveitir á Hótel Borg. Aðrar sveitir sem fram komu undir merkinu Rokkhátíð ’82 voru Vonbrigði, Fræbbblarnir, Purkur Pilnik, Tappi Tígarrass og Q4U.

6. ágúst 1982

Egóíð kemur fram á opnunarkvöldi skemmtistaðarsins Villti Tryllti Villi og lokalag þeirra var lagið Reykjavík brennur en það lag ekki út fyrir en á þriðju og síðustu plötu sveitarinnar 1984 Frá þessu er sagt í MBL 7. ágúst.

7. ágúst 1982

Komu Egóíð ásamt Tappa Tígarrass fram á tónleikum í Laugardalshöll sem upphitunarnúmer fyrir Reggae-sveitina Babatunde Tony Ellis.

10. september 1982

Voru haldnir tónleikar í Laugardalshöll undir heitinu „Risarokk í Höllinni“. Meðal sveita voru Baraflokkurinn, Ego, Grýlurnar, Þeyr og Þursaflokkurinn. Rúmlega 3000 manns mættu á tónleikana.

13. september 1982

Birti Þjóðviljinn frétt þess efnis að búið væri að reka Þorleif úr Egoinu og í hans stað kæmi Rúnar Erlingsson fyrrum Utangarðsmann Bodies-meðlimur. Síðar kom fram að Bubbi fékk það leiðinlega hlutverk að sjá um brottvikningu Þorleifs.

Hér látum við staðr numið því framundan var ný plata, nýtt prógramm og breytt lisðskipan Egósins. Það má því segja að með brotolla úr sveitinni hafi sú sveit sem gerði Breyttir tímar horfið af sjónarsviðinu sem slík. Allavega urðu þar kaflaskyl.